



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**9. fundur 2016 (64. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.10.2016 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Lagður var fram svohljóðandi tölvupóstur frá Ásdísi Hlökk Theódórsdóttur forstjóra Skipulagsstofnunar, dags. 13.10.2016:

*Endurskoðuð skipulagsgögn bárust frá ráðgjafa með tölvupóstum 12. og 22.9. sl. Við höfum rýnt þau og teljum enn vera uppi spurningar sem lúta að ákvörðunum um nýjar flugbrautir og áhrif[um] þeirra út fyrir sveitarfélagamörk auk ákvarðana um umfang uppbyggingar, sbr. fyrri umsögn stofnunarinnar. Stofnunin telur koma til álita að vísa beri staðfestingu aðalskipulagsins til ráðherra í samræmi við 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga vegna þessa. Stofnunin skal samkvæmt því ákvæði vísa málinu til ráðherra innan fjögurra vikna frá því erindi barst. Sá frestur rennur út 20. október nk. en fyrirséð er að afgreiðsla málsins geti dregist út októbermánuð.*

Skipulagsnefnd ákvað að óska eftir fundi með Skipulagsstofnun og fara fram á frekari skýringar á athugasemdum stofnunarinnar.

**2. Framkvæmdaleyfi**

Fimm umsóknir frá Isavia um framkvæmdaleyfi lágu fyrir fundinum. Skipulagsfulltrúi fór yfir umsóknirnar og skýrði. Um er að ræða eftirfarandi umsóknir:

1. Stækkun flughlaðs við Flugskýli ITS. Stækkun flughlaðs til austurs um 2.500 m<sup>2</sup>. Nær yfir svæði sem áður var lóðin Fálkavöllur 15. Ólúgildra verður fyrir ofanvatn af svæðinu og tengist eldri settjörn.

2. Lagning þjónustuvega frá norðurhluta flughlaðs, við stæði 20 L að Fálkavelli. Um 1.500 m<sup>2</sup> vegur verður gerður til að auka öryggi og bæta umferðarflæði á flughlaði.



3. Stækkun á flugvélastæði 23 syðst á flughlöðum vestan við FLE. Stækkun er um 750 m<sup>2</sup>. Tilgangurinn er að stækka stæði 23 úr flokki C í D takmarkað. Stæðum fjölgar ekki við breytinguna.

4. Malbikun um 4.150 m<sup>2</sup> svæðis sunnan við FLE við stæði 9. Nú er þar grassvæði. Ofanvatn af svæðinu fer í núverandi ofanvatnskerfi. Við breytingu færast stæði 9 úr flokki D yfir í E takmarkað. Stæðum fjölgar ekki við framkvæmdina.

5. Breikkun innkeyrslu að svokölluðum Kílopaddastæðum, stæðum 55, 57, 59 og 61. Innkeyrsla er breikkuð og eyja milli innkeyrsla er malbikuð. Alls um 4.100 m<sup>2</sup> svæði. Ofanvatn fer í nærliggjandi gróðursvæði eins og á öðrum aksturbrautum flugvéla. Flugvélastæðum fjölgar ekki en hægt er að taka stærri vélar á stæðin og öryggi eykst.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir að veita framkvæmdaleyfi fyrir þessum 5 erindum og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá útgáfu leyfanna.

### **3. Heimasíða skipulagsnefndarinnar**

Rætt var um heimasíðu skipulagsnefndarinnar sem er í smíðum um þessar mundir.

### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>